

Nd.

707. Nefndarálit

[262. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 19. maí 1971, um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á tveim fundum. Óskað var eftir skýrslu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um ástand sláturhúsa og hverjar úrbætur væru nú fyrirhugaðar. Fylgir skýrslan hér sem fylgiskjal.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.
Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, með fyrirvara.	Pálmi Jónsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

FRAMLEIÐSLURÁÐ LANDBÚNAÐARINS

4. apríl 1974.

**Svör við fyrirspurnum frá landbúnaðarnefnd
Neðri-deildar Alþingis varðandi sláturhús.**

1. **spurning:** Hvað hefur verið byggt af sláturhúsum frá 1969?

Svar: Samkvæmt áætlun sláturhúsanefndar frá 1970 var fyrirhugað að byggja upp 17 ný sláturhús á næstu 5—6 árum. Hús þessi voru hugsuð mjög afkastamikil og byggð á nýju kerfi, sem kallað hefur verið „færikeðjuaðferðin“ og fullnægir settum alþjóðlegum reglum, sem venjulega eru kenndar við OECD. Áætlun þessi var gjörð á vegum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðsins. Í samráði við landbúnaðarráðherra hefur uppbygging þessara húsa verið styrkt með óafturkræfu framlagi, er nemur 33% af stofnkostnaði. Auk þess fá þessi hús svo helming byggingarkostnaðar lánaðan úr Stofnlána-deild.

Af þessum 17 húsum hafa eftirfarandi hús verið byggð:

1. Sláturhús Kf. Borgfirðinga, Borgarnesi.
2. — Kf. Hvammsfjarðar, Búðardal.
3. — Sölufél. Húnvetninga, Blönduósi.
4. — Kf. Skagfirðinga, Sauðárkróki.
5. — Kf. Þingeyinga, Húsavík.
6. — Sláturfélags Suðurlands, Kirkjubæjarklaustri.
7. — Sláturfélags Suðurlands, Selfossi.

8. — Kf. Steingrímsfjarðar, Hólmavík, er í endurbyggingu og mun lokið við hana fyrir næsta haust.

Þá hefur samkvæmt áætluninni verið byggt stórgripasláturhús KEA Akureyri, en endurbyggingu sauðfjársláturhússins á Akureyri hefur verið skotið á frest.

Framleiðnisjóðurinn hefur þegar greitt áður áminnsta stofnstyrki til eftirtalinna húsa:

Borgarness,
Búðardals,
Blönduóss,
Húsavíkur,
Selfoss,

og á þessu ári verður einnig lokið við að greiða stofnstyrki til stórgripasláturhússins á Akureyri. Einnig mun í lok þessa árs verða búið að greiða um helming stofnstyrks til sláturhússins á Sauðárkróki. Alls hefur Framleiðnisjóðurinn greitt 81.5 milljónir króna í stofnstyrki og lánað þar til stofnstyrkir verða greiddir um 20 milljónir króna.

Hús þau, sem voru á áætluninni frá 1970, voru þessi, auk þeirra, sem að framan eru talin:

1. Sláturhús á Patreksfirði.
2. — - Ísafirði.
3. — - Akureyri (sauðfjársl.).
4. — - Kópaskeri.
5. — - Þórshöfn.
6. — - Vopnafirði.
7. — - Egilsstöðum.
8. — - Höfn, Hornafirði.
9. — - Hvolsvelli.

Lætur því nærri, að áætlunin sé hálfnuð.

Framanskráð hús (þau sem byggð hafa verið) eru í raun og veru einu húsin, sem heilbrigðisyfirvöld munu löggilda eða hafa löggilt.

2. spurning: Hvaða önnur hús eru löggilt?

Svar: Löggilding sláturhúsa hefur annars farið fram á þann hátt, að þau eru löggilt aðeins fyrir eitt ár í senn, þó með því að viðkomandi lagfæri ýmislegt, er dýralæknar segja til um. Þó er því ekki að leyna, að flest húsanna eru í rauninni alls ekki það vel úr garði gerð, að dýralæknar telji þau notandi. En vegna þess áþaks, sem gert hefur verið í þessum málum á undanförunum árum, hafa þeir lítið mildum augum á hús þessi, einnig til þess að forða frá beinum vandræðum.

Samkvæmt vottorðum lækna s. l. haust mun ekki oftast verða veitt húsleyfi á eftirtalin hús:

Sláturhús Kf. Ísfirðinga, Vatnsfirði.
— Slátursaml. Skagfirðinga, Sauðárkróki.
— Kf. Skagfirðinga, Hofsósi.
— Samvinnufél. Fljótamanna, Haganesvík.
— Kf. Ólafsfjarðar, Ólafsfirði.
— Kf. Berufjarðar, Djúpavogi.

Sláturhúsið Vík hf., Vík í Mýrdal.

3. spurning: Hvernig er ástand hinna húsanna?

Svar: S. l. haust var slátrað í 62 sláturhúsum. Sjö húsum var hótað að loka eftir slátrunina s. l. haust (sbr. spurn. 2). Átta hús hafa þegar verið uppbyggð á varanlegan hátt. 47 hús eiga það yfir höfði sér, að þeim verði lokað hvenær sem er. Um það bil 18 þeirra húsa er ætlað að geti sameinast þeim 9 húsum,

sem eftir er að byggja samkvæmt sláturhúsaáætluninni frá 1970. Eftir eru þá tæp 30 hús, sem mjög er í óvissu um, hvað gert verður við í framtíðinni. Er það ætlunin að ræða það mál og frambald uppbyggingar húsa, sem fyrri áætlun fjallaði um, í nýrri nefnd, sem nýlega hefur verið kosins, og er hún á vegum landbúnaðarráðuneytisins, Stofnlánadeildar, Framleiðsluráðs, Sambands ísl. samvinnufélaga og Búnaðarfélags Íslands.

4. **spurning:** Hvað er vitað um byggingu sláturhúsa næstu 2 árin?

- Svar: 1. Lokið uppbyggingu á Hólmavík.
2. Nýtt sláturhús á Hvammstanga.
3. Nýtt sláturhús á Kópaskeri.
4. Endurbyggt sláturhús á Þórshöfn.
5. Endurbyggt sláturhús á Vopnafirði.
6. Nýtt sláturhús á Egilsstöðum.
7. Nýtt sláturhús á Höfn.
8. Nýtt sláturhús á Hvolsvelli.

Annars er þessari spurningu svarað með tilliti til þess, að aukin fyrirgreiðsla fáiist frá því opinbera og lánastofnunum frá því, sem verið hefur.

Virðingarfyllst,
Framleiðsluráð landbúnaðarins
Sveinn Tryggvason.

Til landbúnaðarnefndar Neðri-deildar Alþingis, Reykjavík.